

Ársskýrsla 2001



**ÁFENGIS - OG
VÍMUVARNARÁÐ**

Ársskýrsla 2001



Reykjavík
Maí 2002

1. STEFNA ÁFENGIS- OG VÍMUVERNARÁÐS	3
1.1 Staða og starfssvið	3
1.2 Leiðarljós	3
1.3 Hlutverk	3
1.4 Framtíðarsýn	3
1.5 Markmið	3
2 HELSTU ÁHERSLUR ÁRSINS 2001	5
2.1 Rannsóknir	5
2.2 Forvarnasjóður	7
2.3 Vímuvarnastefna	8
2.4 Gagnasafn og heimasíða	9
2.5 Áfengislög	10
3. STARFSMANNAHALD OG HÚSNÆÐI	11
4. FUNDIR	12
5. RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR	12
6. SKIPTING FJÁRMUNA	13
7. VERKEFNI SEM HLUTU STYRKI ÚR FORVARNASJÓÐI ÁRIÐ 2001	14
8. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2002	22

Áfengis- og vímuvarnaráð
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík
Sími: 5851470
Fax: 5851313
Netfang: vimuvarnir@hr.is
Veffang: www.vimuvarnir.is

1. Stefna Áfengis- og vímuvarnaráðs

1.1 Staða og starfssvið

Áfengis- og vímuvarnaráð heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og var stofnað með lögum um Áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998¹ í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var 3. desember 1996. Heilbrigðisráðherra skipar 8 fulltrúa, þar af formann og varaformann, í ráðið og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa og varafulltrúa.

1.2 Leiðarljós

Áfengis- og vímuvarnaráð leggur í starfi sínu áherslu á fagmennsku og sífellda þekkingarleit. Ráðið byggir starf sitt á niðurstöðum rannsókna á sviði vímuvarna og stöðugu mati á árangri vímuvarnaaðgerða. Ráðið starfar með öllum sem vinna að vímuvörnum hjá opinberum stofnunum, félagasamtökum eða á eigin vegum og hvetur til fjölbreyttra verkefna. Til að meta árangur verkefna verður neysla þjóðarinnar á áfengi og vímuefnum könnuð og athuguð tíðni ýmissa vandamála þar sem vímuefnaneysla kemur við sögu, t.d. við innlagnir á sjúkrahús, afbrota og ölvunarakstur. Niðurstöður verða bornar saman milli svæða innanlands og utan.

1.3 Hlutverk

Áfengis- og vímuvarnaráð tók formlega til starfa í ársbyrjun 1999. Meginhlutverk ráðsins er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og unglinga, og sporna við válegum afleiðingum ofneyslu vímuefna meðal landsmanna. Ráðið gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði² til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Fyrsta starfsárið einkenndist öðru fremur af stefnumótunarvinnu sem starfið byggist á en er jafnframt í sífelldri endurskoðun.

1.4 Framtíðarsýn

Áfengis- og vímuvarnaráð er miðstöð vímuvarna í landinu. Það byggir starf sitt á nýjustu þekkingu hverju sinni, er bakhjarl og veitir þjónustu öllum þeim sem vinna að vímuvörnum í þjóðfélaginu. Hjá ráðinu er vistaður aðgengilegur upplýsingabanki um vímuvarnir.

1.5 Markmið

Markmiðið með starfsemi ráðsins er samkvæmt lögum að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálafirvalda, sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Meginmarkmið Áfengis- og vímuvarnaráðs hefur falist í slagorðinu *vímulaus grunnskóli* sem jafnframt er eins konar samnefnari í vímuvarnastarfi undanfarinna ára

¹ Lög um Áfengis- og vímuvarnaráð eru á vefslóð Alþingis: www.althingi.is undir lagasafn.

² Reglugerð um Forvarnasjóð er á vefslóð Stjórnarráðsins: www.stjr.is undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, lög og reglugerðir.

og markmið sem mjög margir sem vinna að vímuefnum í landinu eru tilbúnir að sameinast um. Nú er vaxandi áhersla lögð á *vímulausa æsku undir sjálfræðisaldri*. Það er almennt viðurkennt að ávinningur felist í því að seinka því að börn byrji að neyta áfengis þar sem það auki líkur á að þau nái að fóta sig í lífinu. Öll börn og unglingar eiga rétt á að alast upp í umhverfi sem er verndað fyrir afleiðingum áfengisneyslu og, eftir því sem unnt er, kynningu á áfengum drykkjum. Lögð hefur verið áhersla á að vinna að þessum markmiðum með því að beina tilmælum til foreldra um að setja börnum sínum mörk, sýna þeim áhuga og fylgjast með hvar og með hverjum þau eru. Helsta viðmiðunin sem notuð hefur verið sem mælikvarði á hvort miðar í rétta átt eru kannanir meðal nemenda efstu bekkja grunnskólans sem byrjað var að vinna á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis og menntamála (RUM) en hafa hin síðari ár verið unnar af fyrirtækinu Rannsóknir og greining ehf. (R&G). Niðurstöður þessara kannana síðustu tvö ár gefa von um að árangur sé að nást innan grunnskólans.

Haustið 2000 var, í samvinnu við R&G o.fl., ráðist í rannsókn á lífsstíl meðal nemenda í framhaldsskólum landsins. Þessi könnun, *Ungt fólk í framhaldsskólum*, er að nokkru leyti sambærileg við rannsóknir sem hafa verið lagðar fyrir í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólakönnun sem gerð var 1992. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í október 2001 og fylgir útdráttur úr þeim hér í ramma.

Útdráttur úr niðurstöðum rannsóknarinnar *Ungt fólk í framhaldsskólum*.

(Vefsíða R&G: www.rannsoknir.is)

„Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að dregið hefur úr ölvun meðal 16-19 ára nemenda í framhaldsskólum á Íslandi árið 2000 samanborið við árið 1992. Til að mynda höfðu rúmlega 81% framhaldsskólanema orðið ölvaðir sl. 30 daga árið 1992 samanborið við tæplega 63% árið 2000. Einnig hefur lítillaga dregið úr daglegum reykingum nemenda milli þessara ára. Þannig reyktu rúmlega 21% 16-19 ára framhaldsskólanema daglega árið 1992 en tæplega 19% árið 2000.

Á sama tíma hefur neysla ólöglegra vímuefna aukist, að neyslu á sniffi undanskildu. Mesta aukningu er að finna í neyslu á hassi, en árið 1992 höfðu um 7% 16-19 ára nemenda í framhaldsskólum á Íslandi notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina samanborið við um 12% árið 2000. Aftur á móti höfðu um 12% nemenda í framhaldsskólum notað sniff einu sinni eða oftar um ævina árið 1992 en einungis tæplega 5% árið 2000.

Árið 1992 voru daglegar reykingar heldur algengari meðal stelpna en stráka í framhaldsskólum landsins en árið 2000 reykir jafn hátt hlutfall stelpna og stráka daglega. Aðra sögu er að segja um ölvun, en vart kemur fram mælanlegur munur milli kynja í þessum könnunum. Neysla ólöglegra vímuefna er heldur algengari meðal stráka en stelpna bæði árið 1992 og 2000 og er það í samræmi við niðurstöður rannsókna meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla.

Algengast er að 16-19 ára framhaldsskólanemar segist oft neyta áfengis heima hjá öðrum, en það á við um rúmlega þriðjung nemenda. Þetta er í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna meðal grunnskólanema þar sem nemendur segjast helst neyta áfengis í heimahúsum annarra. Eins er algengt að framhaldsskólanemar segist oft neyta áfengis á útihátíðum og á framhaldsskólaböllum, en tæplega þriðjungur segist oft neyta áfengis á slíkum samkomum. Þá veður athygli að um fjórðungur 16-19 ára nemenda segist oft neyta áfengis á skemmtistöðum og um 12% þeirra segjast oft neyta áfengis á pöbbum eða kaffihúsum.“

2 Helstu áherslur ársins 2001

2.1 Rannsóknir

Deilimarkmið: Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Rannsóknir eru nauðsynleg forsenda árangursríks forvarnastarfs. Þær eru mikilvægt verkfæri fyrir þá sem vinna að forvörnum þar sem þær gefa vísbendingar um hvaða áherslur þurfi að leggja hverju sinni. Áfengis- og vímuvarnaráð stefnir að því að kortleggja áfengis- og vímuefnaneyslu í landinu, skaðsemi og kostnað þjóðfélagsins af völdum hennar eftir því sem unnt er og að hafa niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir sem flesta sem vinna að vímuvörnum. Í því skyni leggur ráðið upp úr reglubundnum neyslu- og lífsstílskönnunum meðal ýmissa aldurshópa, gæðabundnum rannsóknum, t.d. á aðstæðum og líðan barna og unglinga, rannsóknum til að meta árangur af verkefnum sem styrkt eru af Forvarnasjóði, úrvinnslu rannsókna sem eru hafnar en ekki er lokið við að vinna úr og víðtæku samstarfi við sem flesta sem stunda rannsóknir á heilbrigði og lífsstíl.

Árið 2001 stóð ráðið að eftirfarandi rannsóknarverkefnum:

- **Áfengi- og önnur vímuefni - ýmsar tölulegar upplýsingar.** Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðingur, var ráðin til starfa hjá Áfengis- og vímuvarnaráði til að safna og halda utan um ýmsar tölulegar upplýsingar sem gefa vísbendingar um áfengis- og vímuefnaneyslu í landinu og skaðvænlegar afleiðingar hennar. Þórunn tók til starfa í maí og er stefnt að útgáfu skýrslu á vormánuðum 2002. Á íslensku verður skýrslan fáanleg í hefti og á netinu en á ensku einungis á netinu.
- **Rannsókn á áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga.** Áfengis- og vímuvarnaráð réðist í nóvember 2001 í að láta gera umfangsmikla áfengis- og vímuefnarannsókn meðal almennings á Íslandi. Rannsóknin var gerð af Gallup og var m.a. spurt um neyslu áfengis og vímuefna og viðhorf til forvarna og áfengislöggjafar. Úrtakið var 4000 manna slembiúrtak 18 - 75 ára úr þjóðskrá. Annar helmingur úrtaksins fékk senda póstkönnun en hinn var spurður í síma. Svörunin var 56,3% úr pósthlutunum en 71% úr símahlutunum (meðaltal 63,7%). Rannsóknin er að hluta til sambærileg við rannsóknir sem unnar voru á Landsspítalanum undir stjórn Tómasar Helgasonar á árunum 1972 -1992. Hún er einnig að hluta til sambærileg við nýlegar erlendar rannsóknir. Þetta er í fyrsta skipti sem gerð er tilraun til að spyrja um ólöglega vímuefnaneyslu í svo umfangsmikilli rannsókn hér á landi. Í rannsókninni var ekki einungis spurt um neyslu heldur einnig um viðhorf almennings til forvarnaaðgerða og fyrirkomulag áfengissölu. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar lítillega í fjölmiðlum en eftir er að bera þær saman við fyrri íslenskar og erlendar rannsóknir. Við undirbúning rannsóknarinnar naut ráðið aðstoðar vísindamannanna Ásu Guðmundsdóttur, Helga Gunnlaugssonar, Hildigunnar Ólafsdóttur og Kristins Tómassonar.
- **Ungt fólk utan framhaldsskóla.** Rannsóknir og greining gerðu lífsstílskönnun meðal ungs fólks á aldrinum 16 - 20 ára utan framhaldsskóla í samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Rauða kross Íslands og Félagsþjónustuna í Reykjavík. Þetta er póstkönnun sem var lögð fyrir rúmlega 2000 manna úrtak á tímabilinu frá í júní fram í desember. Niðurstöður verða væntanlega kynntar árið 2002.
- **Gögn um áfengisauglýsingar.** Framkvæmdastjóri áfengis- og vímuvarnaráðs tók þátt í starfshópi Ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Hópurinn safnaði ýmsum upplýsingum um áfengisauglýsingar hér á landi og erlendis, leitaði álits

lögreglustjóra um allt land, gerði tillögur um viðbrögð við áfengisauðglýsingum og skilaði skýrslu til Ríkislögreglustjóra.

- **Grunnskólakönnun R&G** var lögð fyrir efstu bekkji grunnskóla í mars og var það 5. árið í röð sem spurningar um áfengis-, tóbaks- og aðra vímuefnaneyslu eru lagðar fyrir þennan aldurshóp. Þessar kannanir hafa reynst ómetanlegt hjálpartæki í forvarnastarfi, á landsvísu, innan sveitarfélaga, hverfa og skóla. Stefnt er að því að sambærilegar kannanir verði gerðar reglulega en þó ekki árlega í framtíðinni.
- **Mat á Íslandi án eiturylfja.** Áætlunin fyrir *Ísland án eiturylfja* var til 5 ára frá 1997 til 2002. Frá upphafi var gert ráð fyrir að verkefnið yrði metið og voru reglulegar neyslukannanir R&G í grunnskólum liður í að gera það mögulegt. Síðla árs 2001 var samið við Gallup um að meta áætlunina *Ísland án eiturylfja* og hafist handa við undirbúning á mati byggðu á grunnskólakönnunum R&G, viðtölum og fjölmiðlaumfjöllun.
- **Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi.**

NAD: NAD veitir styrki til rannsókna og stendur fyrir ráðstefnum, fundum, námskeiðum og útgáfu um áfengis- og vímuvarnir á Norðurlöndum. Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs, er varafulltrúi í stjórn NAD (Nordiska nämnden för alkohol och drogforskning). Aðalfulltrúi Íslands er Óttar Guðmundsson, geðlæknir. Stjórnarfundir eru haldnir tvisvar á ári og sækir varafulltrúi þá ef aðalfulltrúi forfallast.

Pompidou-hópurinn: Ísland á aðild að Pompidou-hópnum í gegnum dóms- og kirkjumálaráðuneytið síðan í ágúst árið 2000. Pompidou-hópurinn starfar innan ramma Evrópuráðsins en er ekki hluti af reglubundinni starfsemi þess. Markmið hópsins er að rannsaka vandamál tengd misnotkun fíkniefna og ólöglegum flutningi þeirra frá sem flestum hliðum. Hópurinn er vettvangur umræðu þeirra sem móta stefnu stjórnvalda, fagaðila og sérfræðinga um aðgerðir gegn misnotkun fíkniefna og ólöglegum flutningi þeirra. Þórólfur Þórlindsson, formaður Áfengis- og vímuvarnaráðs, hefur sótt fundi sérfræðinga sem hópurinn stendur að.

The European Commission: The committee of the community action programme on the prevention of drug abuse. Nefndin er ein fjölmargra sem heyrir undir „Health and Consumer Protection Directorate-General“ sem heyrir undir framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs er fulltrúi Íslands í nefndinni. Fundir eru haldnir tvisvar á ári.

Eyjaverkefni. Sótt var um styrk til ÄK-narko, einnar af undirnefndum Norrænu ráðherranefndarinnar í félagi við fulltrúa frá Álandseyjum og Grænlandi um að undirbúa sameiginlegt rannsókna- og forvarnaverkefni sem tæki mið af sérstöðu menningar norrænna eyþjóða. Undirbúningsstyrkurinn var veittur og var fyrsti undirbúningsfundurinn haldinn í Stokkhólmi í september 2001. Markhópur verkefnisins eru nemendur í 1. bekk framhaldsskóla sem verða að sækja skóla að heiman og búa á heimavist eða leigja herbergi á eigin vegum.

European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (EMCDDA). Til athugunar hefur verið möguleiki á aðild Íslands að upplýsinga- og skráningarmiðstöðinni EMCDDA í Portúgal. Aðild að miðstöðinni er að öllum líkindum óviðráðanlega dýr fyrir Íslendinga.

- **Rannsóknaráætlun.** Áfengis- og vímuvarnaráð hefur um nokkurt skeið unnið að mótun rannsóknaráætlunar. Meðfylgjandi áætlun hefur nú verið samþykkt af ráðinu og kynnt fyrir ýmsum samstarfsaðilum um rannsóknir á þessu sviði. Í áætluninni felst viljayfirlýsing um að taka þátt í samstarfi um og kostun þeirra rannsókna sem hún nær til. Tilgangurinn með gerð áætlunarinnar er að rannsóknir

sem hafa verið nýttar til að leggja grunn að áfengis- og vímuvarnum meðal unglunga séu í farvegi sem auðveldar áætlanagerð t.d. hvað varðar nánari úrvinnslu og samanburð við eldri kannanir, skipulag í samvinnu við skóla og fjármögnun.

Rannsóknaráætlun Áfengis- og vímuvarnaráðs 2002-2012			
Samþykkt á fundi ráðsins 27. nóvember 2001			
Ár	Unglingarannsóknir	Fullorðinsrannsóknir	Aðrar rannsóknir
2002	Vímukönnun minni		Mat á Íslandi án eituryfja Úrvinnsla úr fyrri könnunum. Minni markhópar 16 – 20 ára. Eigindlegar ranns.
2003	ESPAD + Ungt fólk/ WHO?		
2004	Jafningjahópurinn (Eigindleg ranns.)		Lífsstíll frh. skólanema
2005	Vímukönnun minni		Lífsstíll ungs fólks utan framhaldsskóla Úrvinnsla á fyrri könnunum.
2006		Lífsstíll – víma almenningskönnun	5. Áhættuþættir reykviskra unglunga (árg.'79) S.A.
2007	Ungt fólk + ESPAD		
2008			Lífsstíll frh. skólanema
2009	Vímukönnun minni		Lífsstíll ungs fólks utan framhaldsskóla
2010			
2011	Ungt fólk + ESPAD	Lífsstíll – víma almenningskönnun	6. Áhættuþættir reykviskra unglunga (árg.'79) S.A.
2012			

2.2 Forvarnasjóður

Deilimarkmið: Forvarnasjóður nýttist til fjölbreyttra verkefna um land allt.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði í Morgunblaðinu sunnudaginn 7. janúar 2000 og var umsóknarfrestur til 31. janúar 2001. Hátt í 100 umsóknir bárust um tæpar 135 milljónir króna að heildarupphæð. Úthlutað var 39.250 milljónum króna til 41 verkefnis og 10 áfangaheimila. Í september var ákveðið að verja enn fremur 1,7 milljónum króna til þriggja rannsóknarverkefna. (Listi yfir verkefni og stutt lýsing á þeim er aftar í skýrslunni og sömu upplýsingar verða einnig aðgengilegar á netinu). Úthlutun fór fram 16. maí við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur.

Við það tækifæri var Árni Helgason í Stykkishólmi heiðraður fyrir þrautseigju og ötult starf í þágu áfengisvarna á Íslandi. Einnig voru tvö verkefni sem hlutu styrki úr Forvarnasjóði árið 2000 kynnt. Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur kynnti PMT-verkefnið (foreldrafærniþjálfun) í Hafnarfirði og Ragnar Gíslason, skólastjóri, kynnti innleiðingu uppbyggingarstefnu í Grafarvogi. Loks flutti Bóas Hallgrímsson, nemandi í Borgarholtsskóla, frumort og margrætt ljóð hann nefndi „Bensín og grænmeti“ við sellóleik Hildar Guðnadóttur, nemanda í MH og tónlistarskóla Reykjavíkur.

Upplýsingabæklingur um Forvarnasjóð var gefinn út við árslok 2001 og var því tilbúinn áður en auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn árið 2002.

Bensín og grænmeti...

*Ljóð frumflutt í Listasafni Íslands 17. maí 2001
í tilefni að úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði.*

Verð á bensíni hefur verið mikið í deiglunni undanfarið.
Og grænmeti hefur mikið verið á milli tannanna á fólki.

Allt þetta kaffistofuspjall rifjaði upp fyrir mér brot úr fortíð minni:

Ég var einu sinn lítill, það er meira að segja ekki svo langt síðan.

Ég man suma hluti og aðra ekki.

Fyrir miðjan níunda áratuginn var farið af stað með forvarnaherferð...

Það minnir mig í það minnsta...

Allavega var verið að sýna myndir í sjónvarpi af ungum manni í hjólastól,
hann slefaði og starði út í tómið.

Þessi ungi maður hafði stundað þann háskaleik að sniffa...

Einn af félögum foreldra minna hafði orð á því að hann kannaðist nú við
einn sem hefði „eyðilaggt“ sig á sniffi. Einhvern sem hefði verið að sniffa
bensín og annan óþverra og hefði orðið að grænmeti...

Það tók langan tíma að útskýra fyrir mér barnungum hvernig maðurinn
hefði getað breyst í grænmeti.

Og ég skil það enn varla hvernig svona nokkuð getur gerst!

Bóas Hallgrímsson

2.3 Vímuvarnastefna

Deilimarkmið: Ráðið hvetur til þess að innan heilsugæslunnar, félagsþjónustunnar, uppeldis- og menntastofnana og annars staðar þar sem unnið er með börnum og unglingum sé mótuð vímuvarnastefna við hæfi.

- **Heimsóknir á heilsugæslustöðvar.** Framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs heimsótti svo til allar heilsugæslustöðvar Heilsugæslunnar í Reykjavík á fyrri hluta ársins 2001. Í þessum heimsóknum var stefna ráðsins kynnt og hvatt til umræðu um aðkomu heilsugæslunnar að vímuvörnum.
- **Heimsóknir í sveitarfélög í félagi við Ísland án eiturlyfja og Rannsóknir og greiningu ehf.** Farið var í hringferð í hvern landsfjórðung og á hverjum stað eftir til fundar með sveitarstjórnunum, íþrótta- og æskulýðsfulltrúum, starfsfólki skóla, heilsugæslu, kirkju og öðru áhugasömu fólki. Sáú heimamenn um fundarboðun og ákváðu hverjir yrðu kvaddir til. Staðirnir sem voru heimsóttir voru Hafnarfjörður, Keflavík, Borgarnes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Dalvík, Reyðarfjörður, Höfn, Hvolsvöllur og Hveragerði. Til stóð að heimsækja einnig Patreksfjörð en því miður féll áætlaður fundur þar niður. Á fundunum voru helstu

niðurstöður rannsókna meðal efstu bekkja grunnskóla kynntar og greindar fyrir hvern landshluta, stefnur Áfengis- og vímuvarnaráðs og Íslands án eiturlyfja kynntar, stöðu forvarnastarfs á hverjum stað lýst og rætt um hugmyndir að nýjum verkefnum.

- **Bæklingur fyrir verðandi foreldra.** Í samvinnu við Landlæknisembættið og Miðstöð mæðraverndar var hafist handa við að útbúa nýjan bækling um áhrif áfengis- og vímuefnaneyslu á meðgöngu. Bæklingurinn er ætlaður verðandi foreldrum og verður afhentur þeim af starfsfólki í mæðravernd við fyrstu skoðun. Stefnt er að útgáfu á vormánuðum 2002.
- **Námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu.** Í samvinnu við Heilsugæsluna í Reykjavík og héraðslækninn í Reykjavík var efnt til námskeiðs í áfengis- og vímuvörnum fyrir starfsfólk heilsugæslu. Námskeiðið var haldið í nóvember og desember 2001 í húsnæði Læknafélags Íslands í Hlíðarsmára í Kópavogi. Efni námskeiðsins má í stórum dráttum skipta í þrennt: Áhrif áfengis- og vímuefna, skaðsemi af völdum þeirra og möguleg viðbrögð starfsfólks heilsugæslu við þeim. Þátttaka var mjög góð og vill Áfengis- og vímuvarnaráð gjarnan endurtaka námskeiðið síðar, hvort sem er fyrir starfsfólk heilsugæslu eða aðra hópa sem hugsanlega hefðu gagn af því.

2.4 Gagnasafn og heimasíða

Deilimarkmið: Áfengis- og vímuvarnaráð rekur aðgengilegt, þjónustumiðað gagnasafn og heimasíðu og hefur í boði úrval fyrirlestra og kynningarefnis.

- **Bókasafn.** Hjá ráðinu er nú til nokkuð umfangsmikið bóka- og gagnasafn um áfengis- og vímuvarnir. Auður Björg Ingadóttir, bókasafnsfræðingur, lauk við að efnistaka bókakost Áfengis- og vímuvarnaráðs og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum árið 2000. Heimildirnar eru skráðar í bókasafnsforritið *Feng*. Fengur varð fyrir valinu m.a. vegna þess að unnið er að því að gera skráðar heimildir þar aðgengilegar á netinu. Enn er því miður ekki mögulegt að nálgast þessar heimildir á þann hátt.
- www.vimuvarnir.is er heimasíða Áfengis- og vímuvarnaráðs. Tilgangur vefsins er að hafa upplýsingar um áfengis- og vímuvarnir aðgengilegar almenningi. Stöðugt er unnið að endurbótum á heimasíðu ráðsins. Stefnt er að því að þar verði m.a. listi yfir mögulega fyrirlesara og námskeið sem í boði eru fyrir mismunandi hópa.
- **Náum áttum** er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál með þátttöku Áfengis- og vímuvarnaráðs, Rauðakrosshússins, Geðræktar, Götusmiðjunnar, Landlæknis, Vímulausrar æsku, Barnaverndarstofu, Íslands án eiturlyfja, Samstarfsnefndar Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, fulltrúa framhaldsskólanna, Heimilis og skóla, Lögreglunnar í Reykjavík, Bindindissamtakanna IOGT og Ríkislögreglustjóra. Hópurinn hefur síðan haustið 2000 staðið fyrir morgunverðarfundum með fyrirlestrum nokkrum sinnum yfir vetrartímann. Meðal efnis á fundunum árið 2001 var vímuefnaneysla unglunga og meðferð, fyrirkomulag áfengissölu, áhrif fjölmiðla á lífsstíl ungs fólks, Foreldrafærniþjálfun (Parent Management Training) og lýðheilsumiðstöð. Framsögumenn voru bæði innlendir og erlendir. Þessir fundir hafa verið vel sóttir af fólki með fjölbreyttan bakgrunn.
- **Auglýsingahópurinn *Saman*** hefur starfað síðan um áramótin 1999-2000 undir kjörorðinu „Fjölskyldan saman á tímamótum“. Í hópnum eru fulltrúar frá Áfengis- og vímuvarnaráði, Lögreglunni í Reykjavík, embætti ríkislögreglustjóra, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Íþróttá- og tómstundaráði

Reykjavíkur, Félagsþjónustunni í Kópavogi, Heimili og skóla, SAMFOK, Fjölskylduráði, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Götusmiðjunni, Rauðakrosshúsinu og Vímulausri æsku. Hópurinn stendur fyrir auglýsingum í tengslum við viðburði sem margreynt er að geta verið áhættusamir fyrir eftirlitslausa unglunga að taka þátt í og er tilmælunum beint til foreldra. Þann 7. júní 2001 var auk þess haldinn blaðamannafundur í Grasagarðinum Laugardal, Café Flóru undir yfirskriftinni „Sumarið er tíminn“. Á fundinum voru kynntar tölur frá sumrinu áður um hve margir áttu um sárt að binda að því loknu og hægt er að rekja til áfengisneyslu. Þá stóð hópurinn að auglýsingunni „Úr hvaða rassi“ sem birtist utan á strætisvögnum Reykjavíkur og var beint gegn e-pillunni. Auglýsingin vakti athygli og fékk góða einkunnagjöf í könnun sem Gallup gerði á áhrifum hennar.

- **Vímuvarnir í framhaldsskólum.** Haustið 2000 var myndaður hópur á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs, *Íslands án eiturylfja*, skólastjórnenda í framhaldsskólum, fulltrúa nemenda í framhaldsskólum í Reykjavík, Heimilis og skóla og Lögreglunnar í Reykjavík til að vinna að vímuvörnum í framhaldsskólum. Markmið hópsins er að veita skólunum stuðning við að efla heilbrigða lífshætti og félagsstarf meðal nemenda í framhaldsskólum og draga úr neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Stefnt er að því að vinna með nemendum, foreldrum og kennurum að þessu markmiði og hefur áhersla verið lögð á að draga úr áfengisneyslu nemenda á skólaskemmtunum. Árið 2001 beitti hópurinn sér m.a. fyrir stofnun foreldrafélaga í framhaldsskólum, gaf út veggspjaldið og auglýsinguna „Setjum mörk“ með tilmælum til foreldra og fullorðinna um að virða löglegan áfengiskaupaaldur.
- **Faghópur á vegum Landlæknisembættisins um heilsueflingu.** Framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs situr í fagráðinu sem á að vera Landlæknisembættinu til ráðgjafar um áherslur í forvarnastarfi, heilsuvernd og heilsueflingu á ýmsum sviðum heilsugæslu.
- **Áfengisauglýsingar.** Áfengis- og vímuvarnaráð stóð fyrir áskorun og undirskriftasöfnun til áfengisframleiðenda um að nota ekki börn í áfengisauglýsingum. Töluvert er um að áfengisframleiðendur og innflytjendur birti „dulbúnar“ áfengisauglýsingar, sérstaklega bjórauglýsingar, þar sem vara sem löglegt er að auglýsa er látin auglýsa aðra sem ekki má auglýsa. Í þannig auglýsingum frá einum framleiðanda léku börn og unglingar. Skorað var á framleiðendur að birta ekki dulbúnar bjórauglýsingar með börnum. Ánægjulegt var að áskoruninni var tekið og voru auglýsingarnar dregnar til baka.

2.5 Áfengislög

Deilimarkmið: Í samræmi við breyttar áherslur í þjóðfélaginu og hlutverk Áfengis- og vímuvarnaráðs tekur ráðið afstöðu til hugmynda um breytingar á lögum og reglum um áfengissölu í landinu.

Áfengis- og vímuvarnaráð hefur kallað fólk með fjölbreytt viðhorf til áfengis- og vímuvarna til fundar og viðræðna við sig í stefnumótunartilgangi. Meðal gesta ráðsins árið 2001 voru Hannes Pétursson, prófessor og yfirlæknir á geðsviði Landspítalans, Jón Steinar Gunnlaugsson, lögfræðingur, Jón Snorrason frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Hrafn Hauksson frá Sól-Víking. Viðræður við fólk sem hefur ólíkar skoðanir til þeirra mála sem ráðið er að vinna að hafa reynst mjög gefandi.

Áfengis- og vímuvarnaráð hélt sérstakan stefnumótunarfund í 25. september 2001 þar sem afstaða ráðsins til áfengislaga var til umræðu. Fundarstjóri var Svandís Jónsdóttir, stjórn málafræðingur. Ráðið tekur í afstöðu sinni mið af stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum frá 1996, heilbrigðisáætlun til ársins 2010, aðgerðaáætlun Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2000-2005 og yfirlýsingu um ungt fólk og áfengi sem samþykkt var á ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um sama málefni í Stokkhólmi í febrúar 2001.

Niðurstaða ráðsins er að því beri að standa vörð um lög og reglur sem vernda börn og unglinga gegn afleiðingum af neyslu áfengis í umhverfi þeirra. Það er hlutverk ráðsins að benda á alla mögulega ókosti við að breyta núgildandi áfengislögum. Áfengis- og vímuvarnaráð styður því að:

- Löglegum áfengiskaupaaldri verði áfram haldið háum.
- Áfengi verði áfram selt í sérverslunum.
- Áfengisauglýsingar séu bannaðar.
- Verðlagi sé áfram haldið háu.

3. Starfsmannahald og húsnæði

Borgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri, 100% starf. Ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri ráðsins, annast mannaráðningar og er ásamt formanni talsmaður ráðsins út á við. Hún tekur virkan þátt í ýmsum verkefnum á vegum ráðsins t.d. Náum áttum, vímuvörnum í framhaldsskólum og eyjaverkefni.

Hildur Björg Hafstein, verkefnisstjóri, 50% starf hjá Áfengis- og vímuvarnaráði og 50% starf hjá Íslandi án eiturlyfja. Í starfi sínu hjá Áfengis- og vímuvarnaráði hefur Hildur umsjón með heimasíðu ráðsins og annast fjölmiðlatengsl. Hún er jafnframt ýmist fulltrúi ráðsins eða stýrir sumum verkefnum sem ráðið á aðild að t.d. *Saman* hópnum og norrænum vímuvarnahópi.

Áslaug Sif Guðjónsdóttir, skrifstofumaður, 60% starf. Áslaug sér um símavörslu, móttöku, undirbúning gagna fyrir fundi, reikningsfærslu og skjalavörslu hjá ráðinu.

Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðingur, 70% starf. Þórunn annast gagnasöfnun, skýrslugerð og önnur tilfallandi verkefni. Hún er virkur þátttakandi í Eyjaverkefninu, samstarfsverkefni milli Íslands, Grænlands, Færeyja og Álandseyja, sem er í undirbúningi.

Aðsetur Áfengis- og vímuvarnaráðs er í norðurenda Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur við Barónsstíg. Húsnæðið er samtals 110 m² og er samnýtt með Fjölskyldumiðstöðinni.

Fulltrúar

Eftirtaldir fulltrúar áttu sæti í ráðinu á árinu 2001:

Þórólfur Þórlindsson, formaður

Kolfinna Jóhannesdóttir, varaformaður

Hörður Pálsson, fulltrúi forsætisráðuneytis

Jóna Gróa Sigurðardóttir, varafulltrúi forsætisráðuneytis

Árni Magnússon, fulltrúi utanríkisráðuneytis

Þorvaldur Jóhannsson, varafulltrúi utanríkisráðuneytis

Benedikt Bogason, fulltrúi fjármálaráðuneytis, til

Hanna Birna Kristjánsdóttir, varafulltrúi fjármálaráðuneytis

Dögg Pálsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Karl Steinar Valsson, varafulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Ingibjörg Broddadóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytis
Guðrún Ögmundsdóttir, varafulltrúi félagsmálaráðuneytis
Sigrún Aðalbjarnardóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis
Sigríður Hulda Jónsdóttir, varafulltrúi menntamálaráðuneytis
Ásta Sigurðardóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Soffía Gísladóttir, varafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fulltrúar ráðsins í stjórn *Íslands án eiturylfa* eru Dögg Pálsdóttir og Ingibjörg Broddadóttir. Varafulltrúar eru Ásta Sigurðardóttir og Soffía Gísladóttir.

4. Fundir

Áfengis- og vímuvarnaráð fundaði reglubundið 12 sinnum á árinu 2001. Fundir ráðsins eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði og vara 2 – 3 klst. Aukafundir voru haldnir vegna úthlutunar úr Forvarnasjóði í apríl.

5. Ráðstefnur og fundir

Eftirfarandi ráðstefnur og fundir voru sóttir af starfsmönnum Áfengis- og vímuvarnaráðs á árinu:

- **Nordiska rusmedelkonferensen**, undirbúningsfundur, 18.-19. janúar í Kaupmannahöfn, Danmörku. Hildur Björg Hafstein sótti fundinn.
- **Pompidou-hópurinn**, 31. janúar - 1. febrúar 2001 í Strassbourg, Frakklandi. Þorgerður Ragnarsdóttir sótti fulltrúafund ásamt fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis.
- **WHO-Europe: Young People and Alcohol**, 19. - 21. febrúar 2001 í Stokkhólmi, Svíþjóð. Þátttakendur frá Íslandi voru: Inga Berglind Birgisdóttir, nemandi í MA, Gunnar Thoroddsen, nemandi í MR og Þorgerður Ragnarsdóttir frá Áfengis- og vímuvarnaráði, auk fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- **European Commission: 7th Meeting of the Committee for the Programme of Community Action on the Prevention of Drug Abuse in the Framework of Public Health**, 26. febrúar 2001 í Luxemburg. EFTA-löndin hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni og er Þorgerður Ragnarsdóttir fulltrúi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD): Sports, alcohol and drugs in the Nordic countries**, 22. - 23. mars 2001 í Helsingfors, Finnlandi. Þórólfur Þórlindsson sótti ráðstefnuna.
- **Pompidou-hópurinn: 31st meeting of the experts in epidemiology of drug problems**, 7. - 8. júní 2001 í Strassbourg, Frakklandi. Þórólfur Þórlindsson sótti fundinn.
- **The 44th International ICAA Confernce on the Prevention and Treatment og Dependencies „Science Meets Practice“**, 2.-6. september, Heidelberg, Þýskalandi. Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórólfur Þórlindsson sóttu ráðstefnuna. Erindi: The evaluation of the Icelandic SAA drug prevention programme in 1997 and 1998: Guðbjörg Daniélsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Inga D. Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson.
- **Nordiska rusmedelkonferensen**, 18. – 19. september 2001 í Stokkhólmi, Svíþjóð. Erindi: Evaluering af et forebyggingsprojekt i Island, Þorgerður Ragnarsdóttir.
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD): Sports, alcohol and drugs in the Nordic countries**, 27. - 30. sept. 2001 í Ósló, Noregi. Þórólfur Þórlindsson sótti fundinn.

6. Skipting fjármuna

Þeir fjármunir sem Áfengis- og vímuvarnaráð hafði til ráðstöfunar á árinu 2001 skiptust í grófum dráttum á eftirfarandi hátt.

Til ráðstöfunar:

Forvarnasjóður (1% af áfengisgjaldi)	63,4 millj. kr.
Áfengis- og vímuvarnaráð	7,4 millj. kr.
Viðbót fjárlaganefndar	9,5 millj. kr.

Samtals

80,3 milljónir kr.

Ráðstafað:

Úthlutun styrkja til ýmissa verkefna	41,0 millj. kr.
Áfangaheimili	10,0 millj. kr.
Laun	14,0 millj. kr.
Rekstur og ýmis verkefni	8,3 millj. kr.
Rannsóknir	7,0 millj. kr.

Samtals

80,3 milljónir kr.

7. Verkefni sem hlutu styrki úr Forvarnasjóði árið 2001

Heiti	Upphæð	Lýsing
<i>Ísland án eiturlyfja.</i>	4.800.000.-	Árið 2002 er fimmta og jafnframt lokastarfsár áætlunarinnar sem er sameiginlegt verkefni ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar, ECAD (European Cities Against Drugs) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starf <i>Íslands án eiturlyfja</i> grundvallast á fimm ára áætlun sem samþykkt var í júní 1997. Ársskýrsla fyrir árið 2001 er komin út og er þar að finna upplýsingar um verkefni áætlunarinnar.
Fjölskylduráðgjöf og námskeiðahald. Vímulaus æska	2.000.000.-	Fjölskylduráðgjöfinni er ætlað að aðstoða foreldra, börn og unglinga. Ráðgjöfin felur í sér viðtöl við sálfræðinga og ráðgjafa, starfsemi foreldrahópa, sjálfstyrkingarnámskeið, námskeið og fræðslu og foreldrasímann sem er opinn allan sólarhringinn. Frá janúar til september 2001 voru viðtöl við sálfræðinga 180 talsins og önnur viðtöl um 350. Foreldrahópar eru virkir allan veturinn. Frá janúar til september 2001 voru haldin 14 námskeið undir yfirskriftinni „Börn eru líka fólk“. Námskeiðin eru ætluð foreldrum og börnum á aldrinum 6-12 ára og 13-16 ára. Foreldrar barnanna eiga við áfengisvanda að stríða og/eða geðræna erfiðleika. Hvert námskeið stendur í tíu vikur, klukkustund í senn.
„Hættu áður en þú byrjar“. Marita, Félagsþjónustan og Lögreglan í Reykjavík.	2.000.000.-	„ <i>Hættu áður en þú byrjar</i> “ er fræðsla ætluð nemendum í 9. bekk grunnskóla. Fræðslan fer fram með þeim hætti að lögreglumaður frá Forvarna- og fræðsludeild lögreglunnar annars vegar og fyrrverandi fíkniefnaneytandi hins vegar ræða við nemendur og leggja áherslu á að þeir taki afstöðu gegn vímuefnum áður en þeim verði boðin þau. Í kjölfar fræðslunnar er haldinn kvöldfundur með kennurum og forráðamönnum. Styrkurinn var ætlaður til tveggja verkefna; fíkniefnafræðslu og einnig átti að fara fram eftirfylgd fyrir nemendur í 10. bekk. Fíkniefnafræðslan hefur verið í fullum gangi það sem af er skólaárinu. Áætlað er að eftirfylgdin hefjist haustið 2002.
Upplýsingar, fræðsla og ráðgjöf í vímuvörnum. FRÆ	2.000.000.-	I. Sérstök áhersluverkefni: Bókinni „Fíkniefni og forvarnir, handbók fyrir heimili og skóla“ hefur verið dreift inn á heimili um 60% fermingarbarna ársins 2001. II. Almenn fræðslustarf og þjónusta: a) Gagna- og upplýsingasafn er opið virka daga b) vefsíða: FRÆ heldur úti vefsíðu um áfengis- og vímuefnamál c) fyrirlestrar: einkum í grunn- og framhaldsskólum d) forvarnaráðgjöf, s.s. skipulagning forvarna og fræðsluverkefni e) samstarf við fjölmarga vímuvarnaaðila.
Fjölskyldumiðstöð fyrir fjölskyldur í vanda. Fjölskyldumiðstöð	1.500.000.-	Aðstoð og stuðningur við fjölskyldur sem eiga í ýmsum vanda, s.s. vímuefnavanda, samskiptavanda, vanda vegna þverrandi áhuga barna á námi eða vegna barna sem sýna andfélagslega hegðun af einhverju tagi. Samstarfsverkefni Reykjavíkurdeldar Rauða kross Íslands, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Fjöldi fjölskyldna sem hafa komið í viðtal á árinu 2001 hefur næstum þrefaldast frá árinu á undan.

Fræðslu – og fjölskylduráðgjöf. Götusmiðjan	1.500.000.-	Markmið verkefnisins er að veita ráðgjöf og þjónustu í tengslum við vímuefnavandamál. Reynt er að ná til barna, unglinga, foreldra og aðstandendur ungs fólks í vímuefnavanda. Verkefnið er þrjúþætt: a) foreldrastarf þar sem foreldrar hittust einu sinnu í viku undir handleiðslu fagfólks b) þjónustu- og ráðgjafasími sem opinn er allan sólarhringinn, 45-50 símtöl hafa borist í hverri viku c) samstarf um forvarnir d) kynning; verkefnið hefur verið kynnt í fjölmiðlum og á heimasíðu.
Gamla apótekið Ísafirði	1.500.000.-	Menningar- og kaffihús ungs fólks. Á daginn er húsið opið öllum aldurshópum en á kvöldin er það opið fyrir ungt fólk á aldrinum 16–22 ára. Í Gamla apótekinu er boðið upp á ýmsa dægrastyttingu, tölvuver, fræðslu, þaðan er rekið útvarp og þar er aðstaða fyrir ýmsa klúbbastarfsemi. Í gamla apótekinu er öll neysla tóbaks og vímuefna bönnuð.
Íslenskir ungentemplantar	1.500.000.-	Styrkur af fjárlögum.
„PMT“-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunar-erfiðleika hjá börnum. Stofnanir í Hafnarfirði	1.500.000.-	PMT stendur fyrir „Parent Management Training“ sem í íslenski þýðingu er foreldrafærni. PMT er meðferðarúrræði ætlað foreldrum og er meginmarkmið þess að fyrirbyggja mjög alvarlega hegðunarerfiðleika hjá börnum. Slíkir hegðunarerfiðleikar geta leitt til andfélagslegrar hegðunar sem oft hefur í för með sér áfengis- og vímuefnanotkun samhliða afbrotum. Foreldrar hitta meðferðaraðila vikulega í 10-20 skipti. Um er að ræða samstarfsverkefni þriggja stofnana í Hafnarfirði: Skólaskrifstofu, Félagsþjónustu og Heilsugæslu og er verkefnið liður í forvarnaáætlun Hafnarfjarðar. Hver stofnun hefur PMT ráðgjafa. Ennfremur er stefnt að því að bjóða upp á PMT fræðslu fyrir foreldra og kennara.
Innleiðing uppbyggingarstefnu í Grafarvogi. Miðgarður	1.300.000.-	Uppbyggingarstefnan er fjögurra ára tilraunaverkefni sem hefur þann tilgang að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga undir 18 ára aldri í Grafarvogi. Öllum þeim sem koma að uppeldi barna og unglinga verður veitt fræðsla um aðferðafræði Uppbyggingarstefnunnar. Stefnt er að því að gera ítarlegar rannsóknir við upphaf verkefnis, á meðan á því stendur og þegar því lýkur.
Átak í forvörnum í Skagafirði. Skagafjörður	1.000.000.-	Forvarnafulltrúi tók til starfa í ágúst 2001. Markmið með starfi hans hefur einkum verið þrjúþætt: a) að auka virkni og þátttöku ungmenna í vímulausu tómstundastarfi b) að vinna að undirbúningi og stofnun ungmennahúss og c) að greina einstaklinga og hópa sem sýna áhættuhegðun og stýra samstarfi milli aðila til þess að breyta slíku hegðunarmynstri. Forvarnafulltrúi hefur starfað í samvinnu við ungmenni, skóla, foreldra, lögreglu og aðra sem vinna að forvörnum í sveitarfélaginu.
Bindindismótið í Galtalæk.	1.000.000.-	Vímulaus fjölskylduhátið um verslunarmannahegji. Hátiðin hefur oft verið fjölsótt en var með minna móti 2001.

Foreldrasamningurinn. Heimili og skóli	1.000.000.-	Heimili og skóli-landssamtök foreldra hafa síðastliðin fimm ár kynnt forvarnaverkefnið „Foreldrasamninginn“ fyrir foreldrum barna í 6.-10. bekk í grunnskóla. Samningurinn veitir foreldrum samtakamátt og styður þau gildi sem þeir telja börnum sínum fyrir bestu. Unnið er að því að fá foreldrahópinn til að vera samstíga og setja sér ákveðnar reglur og viðmið sem raunhæft er að fylgja. Samningurinn tekur t.d til útivistartíma og neyslu áfengis og annarra vímuefna.
Foreldrafræðslan. SÁÁ	1.000.000.-	„Foreldrafræðslan“ er námskeið sem annars vegar er ætlað foreldrum sem lokið hafa meðferð. Markmið námskeiðsins fyrir þennan hóp er að auka líkurnar á að börn þeirra njóti þess bata sem foreldrarir ná. Hins vegar er það ætlað foreldrum unglunga sem eru nýbyrjuð í neyslu, voru í meðferð eða hafa nýlokið meðferð. „Foreldrafræðslan“ samanstóð af 5 fyrirlesturum. Að meðaltali sóttu 8-10 manns hvern fyrirlestur sem gerir í heildina 280-300 manns frá febrúar til október. Um 14 manns leituðu frekari ráðgjafar í kjölfar fræðslunnar.
Forvarnalykill SAMFOKS. SAMFOK	1.000.000.-	Markmið verkefnisins er að gera forvarnastarf í grunnskólum markvissara og gera heildstæða áætlun um forvarnastarf í grunnskólum Reykjavíkur. Á árinu 2001 tókst að ljúka við gerð almenns upplýsinga- og fræðsluefnis fyrir foreldra, kennara og annað starfsfólk grunnskóla. Auk þess var lokið við gerð efnis fyrir yngsta stig grunnskóla. Fræðsluefnið er senn tilbúið til kynningar og verður námskeiðahald hafið vorið 2002 og aftur verða haldin námskeið um haustið.
Heilsuefning í skólum. Landlæknisembættið	1.000.000.-	Verkefnið nær til þriggja ára og miðar að því að efla heilsu og vellíðan. Það byggir á íslensku heilbrigðisáætluninni og tekur mið af markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsu. Markmiðið er að efla heilbrigðis- og heilsuvitund í skólum og er sérstök áhersla lögð á að efla geðheilbrigði til að minnka líkur á áhættuhegðun s.s. vímuefnaneyslu, einelti og sjálfsvígum. Þátttaka í Evrópuverkefni hófst árið 1999 í samráði og samvinnu við menntamálaráðuneytið og fræðslustjóra og munu sex skólar á öllum skólastigum taka þátt í því.
Landsmót á Egilsstöðum 2001. UMFÍ	1.000.000	Landsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum dagana 12.–15. júlí 2001. Allt kynningarefni um Landsmótið var auðkennt til að minna á vímuvarnastefnuna og var mótið með öllu vímuefnalaust. Efnt var til samkeppni meðal nemenda grunnskóla á starfssvæði UÍA um myndir, teikningar, merki og slagorð sem notuð voru á veggspjöld fyrir vímuefnalaust Landsmót. Alls sóttu um 10.000 manns Egilsstaði Landsmótsdagana. Varla sást vín á nokkrum manni og reykingabann var vel virt.

„Láttu ekki hafa þig að fifli,, Gerð auglýsingamyndbands. SAMFÉS	1.000.000.-	Auglýsingasamkeppni milli félagsmiðstöðva þar sem unglingar unnu forvarnauglýsingu frá grunni til sýningar í sjónvarpi. Markmið verkefnisins var að vekja ungt fólk til umhugsunar um skaðsemi vímuefna þar sem unglingar koma skilaboðum til jafnaldra með gerð auglýsinga. Markhópurinn voru nemendur í 8. – 10. bekk grunnskólanna. Öll hugmyndavinna og framkvæmd var í höndum félagsmiðstöðvanna. Besta auglýsingin var valin og birt í lok desember í þættinum @ á RÚV. Verkefnið var einnig kynnt í útvarpsþættinum Samfés á Rás 2 og í unglingablaðinu Smelli. Auk þess var veggspjaldi með brotum úr bestu auglýsingunni dreift til allra félagsmiðstöðva.
Þróun forvarna meðal ungs fólks. Jafningjafræðslan	1.000.000.-	Jafningjafræðslan hefur undanfarin ár staðið fyrir forvarnastarfi fyrir ungt fólk. Hugmyndafræðin byggir á því að ungmenni tali við jafningja sína um skaðsemi vímuefna. Frá byrjun hefur sumar- og vetrarstarf verið aðskilið en stefnt er að því að fræðslan muni starfa á ársgrundvelli. Til að sinna starfinu yfir vetrartímum hefur verið ráðinn starfsmaður. Áherslubreytingar á sumarstarfi felast m.a í því að virkja Jafningjafræðsluna úti á landi og efla samstarf við félagsmiðstöðvar.
Auglýsinga- og hvatningaherferðir. Saman-hópurinn	700.000.-	Meginmarkmið starfsemi Saman-hópsins er að auka samráð fólks sem vinnur að forvarnastarfi og samnýta kraftana. Starf hópsins miðar að því að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Dæmi um slíka atburði eru samræmd próf, 17. júní, verslunarmannahelgar og áramót. Stuðst er við ýmsar leiðir til að koma skilaboðum á framfæri. Birtar voru auglýsingar í blöðum og tímaritum, útvarpi og sjónvarpi. Einnig send út póstkort. Meginstef auglýsinganna var alltaf „Fjölskyldan saman”.
„Gleði, gleði, gleði”. KSS-kristileg skólahreyfing	700.000.-	Markmið verkefnisins er að nemendur í 10. bekk grunnskóla og í 1. bekk framhaldsskóla fái að heyra frá jafnöldrum sínum að hægt sé að lifa skemmtilegu, heilbrigðu og innihaldsríku lífi án afengis og vímuefna. Verkefnið felst í því að ungt fólk í KSS kemur fram með efni sem það hefur samið sjálf í formi leikþátta, tónlistar o.fl.
„Íþróttir efla kjark og þol”. Valur-knattspyrnudeild	700.000.-	Forvarnaverkefni í samvinnu við grunnskóla í hverfi Vals. Markmið verkefnisins er að styrkja forvarnastarf félagsins á meðal iðkenda og foreldra þeirra. Lögð var áhersla á öflugt upplýsinga- og kynningastarf um skaðsemi vímuefna og gildi íþróttar í baráttunni gegn þeim.
„Að allt árið” - samþætt vímuvarnastarf og Orkudagar. Félagsmiðstöðin Þrykkjan Hornafjarðarbæ	500.000.-	Samþætt vímuvarnastarf fyrir 1.-10. bekk á Hornafirði. Áhersla var lögð á að tengja saman og um leið að efla samstarf allra þeirra sem koma að því að starfa með ungu fólki. Ýmis samtök og stofnanir komu að verkefninu. Orkudagar fölust í því að gefa unglingum á aldrinum 13-16 ára kost á að stunda líkamsrækt. Einnig fór fram fræðsla sem m.a snérist um vímuefni. Markmið verkefnisins var að stuðla að heilbrigði unglinganna og styrkja sjálfsmynd þeirra.

Félagsstarf og útihátíðir. SÁÁ	500.000.-	Markmið verkefnisins er að skapa tryggt, vímuefnalaust umhverfi fyrir skjólstaðinga SÁÁ. Einnig að tengja meðferð og ráðgjöf við almennt félagsstarf.
Fjölskylduklúbbar. Bindindissamtökin IOGT	500.000.-	Markmið verkefnisins var að styðja fjölskyldur þeirra einstaklinga sem hafa lent í ofneyslu fíkniefna og þeirra sem hættir eru neyslu. Hugmyndin var að mynda fjölskylduklúbba þar sem þrjár til tíu fjölskyldur kæmu saman og ræddu ýmsa þætti ofneyslu. Gert var ráð fyrir að leiðbeinandi myndi stýra hópnum og vinna eftir svonefndu Hudolin kerfi. Til að tileinka sér þetta kerfi þurftu leiðbeinendur að sækja námskeið erlendis. Sótt var um styrk til þýðingar og útgáfu námsefnis, vegna námskeiðahalds og kynningar. Af framkvæmd verkefnisins hefur ekki orðið en gert er ráð fyrir að af því verði árið 2002.
Forvarnastarf í grunnskólum. Vímuvarnaskólinn	500.000.-	Vímuvarnaskólinn er farskóli sem fer á milli grunnskóla landsins með fræðslu fyrir starfsfólk skólanna. Markmið verkefnisins er að efla forvarnastarf grunnskóla og koma á skipulögðum forvörnum með gerð vímuvarnaáætlana, þjálfun starfsfólks og samræmingu úrræða sem skólar ráða yfir. Um er að ræða fimm ára samstarfsverkefni FRÆ, SÁÁ og Rauða kross Íslands sem hófst árið 1997.
Föstudagsbræðingur á Geysi kakóbar. Hitt húsið	500.000.-	Geysir kakóbar er vímuefnalaust kaffihús og þar er Föstudagsbræðingur Hins hússins m.a. haldinn. Ungt fólk sem treður þar upp skipuleggur á eigin vegum viðburðinn frá hugmynd til framkvæmdar. Föstudagsbræðingurinn er opinn vettvangur fyrir ungt fólk sem og aðra til að koma saman og njóta ung-listar.
Hópastarf vegna eineltis, sjálfsvarnanámskeið og fræðsla vegna götustarfs. Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000.-	Miðborgarstarf KFUM og KFUK er margþætt og felur m.a. í sér fræðslu, sálgæslu og helgihald. Markmið starfsins er að leiða fólk á aldrinum 13-25 ára til vonar og trúar og bæta félagslega stöðu þeirra. Á vegum þess er rekið athvarfið „Lofstofan“ fyrir unglunga. Stofnaður hefur verið sjálfshjálparhópur fyrir unglunga sem hafa verið lagðir í einelti.
Námskeið fyrir foreldra barna með hegðunarraskanir. Foreldrafélag misþroska barna og Eirð	500.000.-	Skipulögð fræðsla og námskeið um heppilegar uppeldisaðferðir fyrir foreldra barna og unglunga með ofvirkni og annan hegðunarvanda. Niðurstöður rannsókna benda til þess að með réttum uppeldisaðferðum sé unnt að draga verulega út hættu á misnotkun vímu- og fíkniefna.
Sæludagar KFUM í Vatnaskógi. KFUM - Skógarmenn	500.000.-	Fjölskylduhátíð í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina 2001. Um 1200 manns sóttu hátíðina og hafa gestir aldrei verið fleiri. Hátíðin var áfengis- og vímuefnalaus.

Tún - menningar- og félagsaðstaða fyrir ungt fólk. Húsavíkurkaupstaður	500.000.-	Tún, menningar- og kaffihús á Húsavík, hóf starfsemi sína í desember 2001. Markmið starfseminnar er að skapa ungu fólki sem hefur lokið grunnskóla vímuefnalaust umhverfi til samskipta við jafnaldra sína og til tómstunda- og menningarstarfsemi. Stefnt er að því að merkjanleg minnkun verði á neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna eftir fjögurra ára reynslutíma Túns.
Unglingalandsmót UMFÍ 2002 í Stykkishólmi. UMFÍ	500.000.-	Meginmarkmiðið er að stuðla að fjölbreyttri, vímulausri hátíð fyrir unglunga og fjölskyldur þeirra um verslunarmannahelgina 2002. Leitast er við að ná til sem flestra ungmennafélaga, stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum, efla félagslegan þroska og samkennd.
Unglingamóttaka, unglingar 14 - 20 ára. Heilsugæslustöðin Sólvangur	500.000.-	Unglingamóttakan í Hafnarfirði var opnuð í lok nóvember 2000 og er hún opin eina klst. í senn í viku hverri. Læknir og hjúkrunarfræðingur taka á móti unga fólkinu. Þjónustan er ungmennunum að kostnaðarlausu. Móttökunni hefur verið vel tekið og mánuði eftir opnun hennar höfðu 100 ungmenni leitað þangað.
Útivistaráttak. Ísland án eiturylfja, Lögreglan í Rvk. og Samstarfsnefnd Rvíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir.	500.000.-	Áttak til að hvetja foreldra til að framfylgja reglum um útivistartíma barna og unglunga. Segulmottum með útivistarreglum var dreift til foreldra barna sem voru að hefja nám í 7. bekk, veggspjaldinu „Inn á slaginu“ var dreift og auglýsingar birtust í fjölmiðlum. Markmið verkefnisins er að stuðla að því að foreldrar virði reglur um útivistartíma barna og unglunga, að draga úr vímuefnaneyslu barna og unglunga og stuðla að aukinni þekkingu foreldra á þeim hættum sem fylgja áfengisneyslu barna og unglunga.
Vímuvanafulltrúi. Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar	500.000.-	Ráðinn var vímuvarnafulltrúi til Akureyrarbæjar í samvinnu við KA, Akureyrarkirkju og sýslumannsembættið á Akureyri.
„Þú átt val“ - gerð myndbands. Menntaskólinn í Kópavogi	500.000.-	Handrit að myndbandi lá fyrir og var styrkurinn nýttur við gerð þess. Átta nemendur hafa starfað að undirbúningi myndbandsins og gagnaöflun. Í tengslum við gerð myndbandsins var gerð umfangsmikil könnun í Menntaskólanum í Kópavogi varðandi vímuefnaneyslu ungmenna.
Vímuvarnastefna íþróttafélaga. Íþróttabandalag Reykjavíkur	400.000.-	Markmið verkefnisins var að aðstoða íþróttafélög til að útbúa sína eigin vímuvarnastefnu.
Skrefi á undan -Fræðsluefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum. Bindindissamtökin IOGT	400.000.-	Verkefnið laut að útgáfu bókar með sama heiti. Bókin var ætluð foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum og hverjum þeim sem kenna eða eiga samskipti við börn sem tilheyra slíkum hópum. Markmið verkefnisins var að hjálpa foreldrum við að börn þeirra myndu ekki leiðast út í óreglu. Um verkefnið sáu Bindindissamtökin IOGT í samvinnu við Foreldrafélag misþroska barna og Geðrækt.

Meningarmiðstöð Kópavogsskóla. Nemendur í Kópavogsskóla, foreldrar o.fl.	300.000.-	Í Menningarmiðstöð Kópavogsskóla hefur verið leitast við að skapa samstarfsvettvang þeirra sem koma að málefnum barna og ungmenna á þjónustusvæði Kópavogsskóla. Þannig hefur verið reynt að mynda grundvöll fyrir forvarnastarf og vettvang fyrir samstarf kynslóðanna í leik og starfi. Haldin hafa verið fræðslunámskeið og tólmstundanámskeið sem hafa verið vel sótt.
Forvarnastarf í Borgarbyggð. Borgarbyggð	250.000.-	Gerð var samanburðarkönnun á aðgengi barna og unglunga í Borgarbyggð að tóbaki, áfengi, spilakössum og myndbandsspólum í verslunum og á veitingastöðum. Einnig var aðgengi unglunga á sveitaböll í héraðinu athugað, í samvinnu við foreldrafélög.
„Verum saman, dönsu saman”. KOMIÐ OG DANSIÐ	200.000.-	Námskeið ætluð börnum í 5. bekk grunnskóla og foreldrum þeirra. Námskeið hafa verið haldin í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla og er stefnt á að þau verði haldin í fleiri skólum. Markmið námskeiðanna er að skapa aðstæður þar sem börn, unglingar og fullorðnir geta skemmt sér saman í leik og starfi. Námskeiðin einkennast af dansi, leikjum, fyrirlesturum og umræðum. Um er að ræða samvinnuverkefni Samtaka áhugafólks um almenna dansþátttöku, skóla, foreldrafélaga, félagsþjónustu, lögreglu og presta í viðkomandi sókn.

Rannsóknaverkefni sem hlutu styrk úr Forvarnasjóði árið 2001

Ölvunarakstur í Reykjavík: Forvarnir sem byggjast á forspá um endurtekin brot. Jón Friðrik Sigurðsson, Fangelsismálastofnun	450.000.-	Ætlunin var að gera átti ítarlega greiningu á einstaklingum sem teknir hafa verið fyrir síendurtekinn ölvunarakstur til að reyna að finna breytur í lögregluskýrslum sem gætu spáð fyrir um slíkt afbrot og hættulega hegðun. Hugmyndin var að nota upplýsingar um þennan áhættuhóp í forvarnastarfi. Kynna átti verkefnið á Íslandi, í fjölmiðlum og erlendis í ritrýndum tímaritum. Styrksins hefur ekki verið vitjað.
Dagbókin - undirbúningur að rannsóknarverkefni. Guðberg K. Jónsson og Héðinn Unnsteinsson, Geðrækt.	500.000.-	Dagbókin er hugsuð sem undirbúningur að rannsóknarverkefni um mynstur í högum og heilsu ungs fólks. Markmið rannsóknarinnar er að fylgjast með andlegri líðan ungmenna og kanna hvort unnt sé að merkja tengsl milli tiltekinna atburða í lífi ungs fólks. Þessi mynstur gætu dregið upp mynd af áhrifaþáttum á þroskaferli ungs fólks og hugsanlega einangrað ferli sem leiða ungt fólk í lífsmynstur sem almennt eru talin óæskileg. Þess er vænst að niðurstöður rannsóknar geti lagt grunn að forvarnastarfi og heilsueflingu.
Áhættuhegðun ungs fólks: langtímarannsókn. Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000.-	Rannsóknin er með langtímasniði og hófst hún vorið 1994. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að a) rekja neyslumynstur sama hóps á ýmsum vímuefnum yfir tiltekinn tíma, frá unglingsaldri fram á fullorðinsár b) að athuga áhættuhegðun ungs fólks í tengslum við ýmsa félagslega, uppeldislega og sálfræðilega þætti og c) að kanna sálfélagslegan þroska ungs fólks í tengslum við áhættuhegðun þeirra.

8. Framkvæmdaáætlun 2002

8.1. Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Unnið er samkvæmt rannsóknaráætlun Áfengis- og vímuvarnaráðs sem samþykkt var á fundi ráðsins 27. nóv. 2001.

Huga þarf að:

- Hvar sé þörf á rannsóknum hverju sinni.
- Neyslukönnunum meðal ýmissa aldurshópa.
- Eigindlegum rannsóknum (qualitative) t.d. á líðan barna og unglinga.
- Rannsóknum til að meta árangur af verkefnum.
- Rannsóknum sem hafnar eru en ekki er lokið við að vinna úr.
- Samstarfi við aðra sem stunda rannsóknir á lýðheilsu og lífsstíl.

Áætlun 2002:

- Gefa út skýrslu um ýmsar upplýsingar um áfengis- og vímuvarnamál.
- Kynning niðurstaðna almenningskönnunar.
- Ungt fólk utan framhaldsskóla - sérhópar. Úrvinnsla gagna úr könnun á framhaldsskólaaldri.
- Vímuefnakönnun minni.
- Eyjaverkefni í samstarfi við Grænlandinga, Álandseyinga og Færeyinga.
- Kanna áfram möguleika á og taka þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi eftir föngum (NAD, Pompidou, EMCDDA, Kettill Bruun, Nordisk Rusmiddelkonferensen, EkNarko, ICCA).

8.2. Forvarnasjóður nýtist til fjölbreyttra forvarnaverkefna um land allt.

Huga þarf að:

- Skiptingu styrkja milli landshluta.
- Niðurstöðum nýjustu kannana og upplýsinga.
- Grasrótastarfi í sveitarfélögum, meðal foreldra, innan heilsugæslu, skóla og tómstundastarfs.
- Samráði og samvinnu um forvarnarverkefni.

Framkvæmd:

- Auglýsa styrki úr Forvarnasjóði sunnudaginn 6. janúar 2002.
- Kynna auglýsingu um styrki úr Forvarnasjóði frekar í fjölmiðlum.
- Úthluta styrkjum úr Forvarnasjóði fyrir 1. maí 2002.
- Gefa út upplýsingabækling um Forvarnasjóð.
- Öll verkefni sem njóta styrkja úr Forvarnasjóði verði merkt með einkennismerki Áfengis- og vímuvarnaráðs.
- Kynna stöðu verkefna sem hlutu styrki árið 2001 á vefnum og í ársskýrslu.

8.3. Ráðið hvetur til þess að innan heilsugæslunnar sé mótuð uppbyggileg vímuvarnar- og íhlutunarstefna.

Huga þarf að:

- Menntun /þjálfun starfsfólks.
- Úrræðum sem fyrir hendi eru.
- Viðmóti starfsfólks.
- Fræðslu sem veitt er í vímuvörnum.
Stuðla að því að vímuvarnastefna verði mörkuð innan heilsugæslunnar fyrir árslok 2002.

- Gefa út fræðsluefni fyrir verðandi mæður í samvinnu við Landlæknisembættið og Miðstöð mæðraverndar.
- Halda námskeið um vímuvarnir í samvinnu við starfsfólk heilsugæslunnar.
- Gefa út fræðsluefni um skaðsemi áfengis fyrir almenning – til notkunar í heilsugæslu, félagsþjónustu, skólum, o.s.frv.

8.4. Áfengis- og vímuvarnaráð reki aðgengilegt, þjónustumiðað gangasafn og heimasíðu og hafi í boði úrval fyrirlestra og kynningarefnis.

Huga þarf að:

- Samstarfi um upplýsingaflæði á vímuvarnavettvangi.
- Gagnsemi og nýtingu upplýsinga á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs.

Framkvæmd:

- Kynna gagnasafnið sem víðast. – Beðið eftir nýju bókasafnskerfi.
- Kynna www.vimuvarnir.is sem víðast.
- Stuðla að fyrirlestrum um margvísleg málefni sem tengjast vímuvörnum fyrir mismunandi markhópa t.d. í samstarfi við fræðsluhópinn „Náum áttum“.
- Útbúa lista yfir fyrirlestra og fyrirlesara um forvarnir.
- Útbúa lista yfir námskeið á sviði vímuvarna.
- Afla upplýsinga um nýtingu vefsíðunnar.
- Bæta lista og upplýsingar um ráðstefnur og námskeið.

8.5. Áfengis- og vímuvarnaráð leggur áherslu á að koma til móts við þarfir jafnt almennings sem stofnana og fyrirtækja, og hafa á boðstólum fræðslu, ráðgjöf og úrræði á starfssviði sínu.

Huga þarf að:

- Aðstæðum þar sem mismunandi hópar safnast saman.
- Tækifærum sem gefast við persónuleg samskipti fagaðila og fjölskyldna.
- Hefðbundnum aðstæðum þar sem þeir sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna þeirra hitta markhóp sinn.
- Þjóða fagfólki og öðrum sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna þeirra námskeið, fræðslu og stuðning við hæfi.

Framkvæmd:

- Þeir sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna þeirra útfæri hver á sínu sviði vinnuaðferðir og íhlutun við hæfi t.d. á leikskólum.
- Stuðla að námskeiðum fyrir og í samvinnu við mismunandi hópa.
- Hafa á boðstólum úrval fyrirlesara á sviði vímuvarna.
- Stuðla að samvinnu við fjölmiðla um fréttáflutning og útfærslu upplýsinga af forvarnastarfi.

8.6. Áfengis- og vímuvarnaráð vill að stuðla að auknum skilningi uppalenda og starfsfólks skóla á tengslum þroskaraskanna og áhættuhegðunar.

Huga þarf að:

- Fjölbreytni og fjölgreind einstaklinga.
- Mismunandi þroskahraða barna og unglunga á hverju æviskeiði og mismunandi þroskastigi barna innan hvers æviskeiðs.
- Framboði fjölbreyttra viðfangsefna á sviði t.d. lista og íþróttar til að opna nýjar leiðir til sjálfsstyrkingar.
- Tengslum barna við fjölskyldu, vini og þá sem sinna þeim í daglegu lífi.
- Þverfaglegu samstarfi þeirra sem vinna með uppeldi og umönnun barna og unglunga.

Framkvæmd:

- Stuðla að aukinni þekkingu uppalenda barna og starfsfólks leikskóla og skóla á uppeldisaðferðum og viðbrögðum sem virka styðjandi fyrir börn með þroskaraskanir.
- Efla framboð námsefnis á þessu sviði, námskeiða og fyrirlestra fyrir foreldra og aðra sem vinna að uppeldi barna og unglinga.
- Stuðla að þróunarverkefnum á þessu sviði sem víðast.

8.7. Samstarf við sveitarfélög.

Samstarfsverkefni Áfengis- og vímuvarnaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga er í undirbúningi.